



UNITED NATIONS
UNIVERSITY

LAND RESTORATION TRAINING PROGRAMME

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Landbúnaðarháskóli Íslands
Keldnaholti
112 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/1693
komudagur 14.3.2011

Reykjavík 10. mars, 2011

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014 (486. mál)

Undirrituð vill fyrir hönd Landgræðsluskóla HSþ lýsa yfir ánægju með að tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2011-2014 hafi verið lögð fyrir Alþingi. Þeirri stefnu Íslenskra stjórnvalda að Ísland muni á næstu tíu árum ná viðmiði Sameinuðu þjóðanna um að leggja sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu ber að fagna. Einnig er ánægjulegt að sjá þá vigt sem Háskóli Sameinuðu þjóðanna fær í tillögunni sem og þeim sess sem Landgræðsluskóli HSþ fær, m.a. með sérstökum fjárlagalið í fjárlögum 2012. Landgræðsluskóli HSþ þjálfar sérfræðinga frá þróunarlöndunum í vistheimt og sjálfbærri landnýtingu með áherslu á sjálfbæra þróun. Undirrituð fagnar því að umhverfismálum sé gert hátt undir höfði í tillögunni og að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi í þróunarstarfi Íslands. Áherslu á jafnréttismál er einnig fagnað en Landgræðsluskóli HSþ leggur mikla áherslu á jafnréttismál í öllu starfi skólans.

Framkvæmd I. Áherslusvið, málaflokkar og þverlæg málefni.

Í tillögunni eru lögð fram áherslusvið, málaflokkar og þverlæg málefni sem framfylgja á í þróunarsamvinnu Íslands á næstu árum. Ég tel fulla ástæðu til að bæta jarðvegsverndarmálum við listann sem fyrir er í tillögunni. Jarðvegur er afar mikilvæg en takmörkuð auðlind. Það getur tekið um 100-400 ár fyrir 1 sm jarðvegslag að myndast. Jarðvegur er undirstaða fæðuframléiðslu í heiminum og sjálfbær nýting hans er því afar mikilvæg. Hann miðlar og geymir næringarefni, bindur kolefni, auk þess sem hann miðlar- og hreinsar vatn. Hnignun jarðvegs rýrir frjósemi landsins, eykur þörf á notkun áburðar í ræktun og dregur úr ýmiskonar annarri þjónustu sem samfélög manna hafa af jarðvegsauðlindinni. Stöðvun jarðvegseyðingar og endurheimt vistkerfa er einnig afar mikilvæg í baráttunni við loftslagsbreytingar þar sem jarðvegur bindur mjög mikið magn kolefnis. Sjálfbær nýting jarðvegsauðlindarinnar er því ekki aðeins forsenda tryggs fæðuframboðs og bættra lífskjara í fátækustu hlutum heimsins heldur gegnir jarðvegur einnig lykilhlutverki í að milda loftslagsbreytingar. Það er því full ástæða til að bæta jarðvegsverndarmálum við sem áherslusviði/málaflokk í tillögunna. Að sama skapi vil ég benda á að í fylgiskjali 1 (3. Framkvæmd bls. 19-20) stendur að megináhersla í þróunarstarfi Íslands verði á þrjú svið; m.a. auðlindir. Nefndar eru tvær auðlindir, orka og fiskimál, en samanber athugasemdir hér að ofan tel ég rétt að bæta jarðvegi við þær auðlindir sem nefndar eru.

Virðingarfyllst,

Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla HSþ

Hafdís Hanna Ægisdóttir